

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 HÖFN

Garðabær, 11. október 2023
Málsnúmer: 202308-0033
BK

Efni: Deiliskipulag Reynivalla Efribæjar

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 30. ágúst 2023, þar sem Sveitarfélagið Hornafjörður óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi Reynivalla Efribæjar. Deiliskipulagið var áður í kynningu árið 2022 en þar sem ekki náðist að ljúka skipulagsferlinu innan árs frá því auglýsingartíma lauk er skipulagið nú auglýst að nýju með minniháttar breytingum.

Deiliskipulag Reynivalla Efribæjar tekur að mestu til núverandi bæjartorfu þar sem afmarkaðar eru lóðir og byggingarreitir fyrir gistihús en einnig skemmu fyrir tæki og aðstöðu fyrir ferðapjónustu nær þjóðvegi.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um deiliskipulagið þann 11. apríl 2022 og gilda enn ábendingar sem þar komu fram og sneru að fyrirhugaðri skemmu en hún er í grennd við graslendis- og votlendisvistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi og virðist svæðið vera að mestu óraskað. Því vill Náttúrufræðistofnun beina þeim tilmælum til framkvæmdaaðila að raski sé haldið í lágmarki og sérstaklega verði forðast að spilla votlendi.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Virðingarfyllt,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

